

Grundarfjarðarbær

Ársreikningur

2024



Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður
Kt. 520169-1729

Grundarfjarðarbær
Ársreikningur
2024

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-23
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	24

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta (sveitarsjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Hafnarsjóður, Fráveita, Leiguíbúðir, Íbúðir aldraðra, Sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöð.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 1.741 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.754 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 1.472 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.488 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 83,6 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 42,2 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 43,5 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 199 þús króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.381,8 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.018,3 milljónum króna.

Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga er 94,66% í samanteknum ársreikningi, en var 93,00 árið 2023. Hjá sjóðum A-hluta var þetta hlutfall 93,06% á árinu en var 86,40% á árinu 2023. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Íbúafjöldi í Grundarfjarðarbæ 1. desember 2024 var 869 og var fjölgun um 4 einstakling frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2024 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Grundarfjarðarbær 10. apríl 2025

Bæjarstjóri:




Bæjarráð:



Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Grundarfjarðarbær 8. maí 2025

Bæjarstjórn:



Aritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Grundarfjarðarbæjar á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Grundarfjarðarbæ í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Grundarfjarðarbær 8. maí 2025

Deloitte ehf.



Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

Skýr.		A hluti			A og B hluti		
		2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða	3	890.378	857.418	829.662	890.378	857.418	829.662
Framlag úr jöfnunarsjóði	3	479.191	453.810	435.465	479.191	453.810	435.465
Aðrar tekjur	3	171.685	176.664	159.105	440.378	442.599	424.178
		<u>1.541.254</u>	<u>1.487.892</u>	<u>1.424.232</u>	<u>1.809.947</u>	<u>1.753.827</u>	<u>1.689.305</u>
Laun og launatengd gjöld	4	(839.312)	(853.387)	(761.461)	(908.407)	(936.398)	(838.079)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	4	3.782	(13.300)	(43.504)	3.782	(13.300)	(43.504)
Annar rekstrarkostnaður		(509.088)	(442.846)	(429.618)	(619.190)	(533.910)	(521.059)
		<u>(1.344.618)</u>	<u>(1.309.533)</u>	<u>(1.234.582)</u>	<u>(1.523.814)</u>	<u>(1.483.608)</u>	<u>(1.402.642)</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		196.636	178.359	189.650	286.132	270.219	286.663
Afskriftir fastafjármuna	7	(60.489)	(52.423)	(54.008)	(88.727)	(74.679)	(76.829)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		136.147	125.936	135.641	197.405	195.540	209.834
Fjármunatekjur	5	5.057	7.000	6.353	5.057	7.000	6.353
Fjármagnsgjöld	5	(97.656)	(132.737)	(136.130)	(118.898)	(160.353)	(165.151)
Rekstrarafkoma ársins		<u>43.548</u>	<u>199</u>	<u>5.865</u>	<u>83.564</u>	<u>42.187</u>	<u>51.036</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Fasteignir	7	1.744.242	1.473.730	1.938.289	1.656.797
Veitukerfi	7	115.864	115.864	201.480	194.608
Hafnarmannvirki	7	0	0	453.810	443.310
Gatnakerfi	7	208.841	210.064	208.841	210.064
Áhöld og tæki	7	105.729	79.601	147.161	119.828
		2.174.677	1.879.259	2.949.581	2.624.607
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum	8	133.031	133.031	133.031	133.031
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B		133.493	77.163	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	17	93.954	98.646	93.954	98.646
		360.478	308.839	226.985	231.676
		2.535.155	2.188.099	3.176.566	2.856.283
Veltufjármunir					
Vörubirgðir		750	750	750	750
Óinnheimtar tekjur	10	147.916	130.065	157.873	144.432
Aðrar skammtímakröfur	10	37.153	37.539	37.153	37.539
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		141.346	102.772	0	0
Sjóður og bankainnistæður	10	41.395	90.986	61.399	110.994
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	17	4.691	4.691	4.691	4.691
		373.252	366.803	261.867	298.406
Eignir		2.908.406	2.554.902	3.438.433	3.154.688

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé					
Eigið fé	11	1.018.279	803.614	1.381.787	1.131.213
		<u>1.018.279</u>	<u>803.614</u>	<u>1.381.787</u>	<u>1.131.213</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	12	136.708	145.547	136.708	145.547
Búseturéttur	14	0	0	85.057	92.476
		<u>136.708</u>	<u>145.547</u>	<u>221.765</u>	<u>238.023</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	13	1.213.160	1.184.159	1.213.160	1.184.159
Aðrar langtímaskuldir	13	0	0	288.987	283.221
Orkuveita Reykjavíkur		40.000	40.000	40.000	40.000
		<u>1.253.160</u>	<u>1.224.159</u>	<u>1.542.147</u>	<u>1.507.380</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	15	63.807	43.903	63.807	44.022
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	127.451	138.482	135.238	145.761
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	12	5.507	6.180	5.507	6.180
Skuldir við eigin fyrirtæki B		218.360	113.848	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	85.133	79.171	88.181	82.110
		<u>500.259</u>	<u>381.583</u>	<u>292.733</u>	<u>278.072</u>
Skuldir		<u>1.890.127</u>	<u>1.751.288</u>	<u>2.056.646</u>	<u>2.023.475</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.908.406</u>	<u>2.554.902</u>	<u>3.438.433</u>	<u>3.154.688</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	43.548	199	5.865	83.564	42.187	51.036
Afskriftir	60.489	52.423	54.008	88.727	74.679	76.829
(Söluhagnaður), sölutap fastafjármuna ..	(21)	0	(127)	(21)	0	(127)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	3.782	13.300	48.085	3.782	17.860	48.085
Verðbætur af skuldum og eignum	61.989	90.078	100.869	75.746	118.186	122.690
Veltufé frá rekstri	169.787	156.000	208.701	251.800	252.912	298.514
Óinnheimtar tekjur, breyting	(18.648)	0	(2.293)	(14.239)	0	5.361
Rekstrartengdar eignir, breyting	1.196	4.691	(23.080)	1.196	4.691	(23.080)
Rekstrartengdar skuldir, breyting	25.810	0	9.297	25.800	28.901	10.053
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	(8.603)	(3.300)	(3.533)	(8.603)	(3.300)	(3.533)
Handbært fé frá rekstri	169.543	157.391	189.092	255.954	283.203	287.315
Fjárfestingahreyfingar						
Varanlegir rekstrarfjármunir	7 (184.796)	(185.100)	(146.825)	(242.592)	(242.900)	(201.810)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	(94.904)	0	18.152	0	0	0
	(279.701)	(185.100)	(128.674)	(242.592)	(242.900)	(201.810)
Fjármögnunarhreyfingar						
Afborganir langtímaskulda	(143.945)	(156.481)	(154.486)	(151.429)	(164.444)	(161.375)
Breyting íbúðaréttar	0	0	0	(11.527)	0	36
Nýjar langtímaskuldir	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Skammtímakrafa á B hluta	104.513	50.049	18.227	0	0	0
	60.567	(6.432)	(36.259)	(62.956)	(64.444)	(61.339)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(49.591)	(34.141)	24.159	(49.595)	(24.141)	24.166
Handbært fé í upphafi árs	90.986	90.986	66.827	110.994	110.994	86.828
Handbært fé í lok árs	41.395	56.845	90.986	61.399	86.853	110.994

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð, ásamt hlutdeild þess í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félagaformum þeirra aðila sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Eitt félag heyrir þar undir og er það Félags- og skólaþjónusta snæfellinga.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita, Hafnarsjóður, Íbúðir aldraðra, Leiguíbúðir, Sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigininni í tekiuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutækjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfiarreikninga.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	50 ár
Gatnakerfi	25 ár
Veitukerfi	25 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 10 ár

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta huqsanleku tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við qildandi qenqi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fiárúttstrevmis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2024 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Útsvar og fasteignaskattur						
Útsvör	701.719	668.811	654.699	701.719	668.811	654.699
Fasteignaskattur	140.785	140.898	135.080	140.785	140.898	135.080
Lóðarleiga	47.873	47.709	39.882	47.873	47.709	39.882
	890.378	857.418	829.662	890.378	857.418	829.662
Framlög Jöfnunarsjóðs						
Framlag til samstarfsverkefna	69.971	56.524	53.977	69.971	56.524	53.977
Tekjujöfnunarframlag	7.396	0	8.918	7.396	0	8.918
Útgjaldajöfnunarframlög	166.485	169.431	159.307	166.485	169.431	159.307
Sérstakt framlag	2.892	0	2.410	2.892	0	2.410
Framlag vegna nýbúafræðslu	3.509	0	2.890	3.509	0	2.890
Til reksturs grunnskóla	138.104	150.107	136.625	138.104	150.107	136.625
Jöfnun fasteignaskattstekna	76.986	71.697	64.168	76.986	71.697	64.168
Vegna sérþarfa fatlaðra	9.803	6.051	7.169	9.803	6.051	7.169
	475.146	453.810	435.465	475.146	453.810	435.465
Aðrar tekjur						
Þjónustutekjur.....	131.342	132.071	125.136	397.811	397.856	389.414
Endurgreiðslur	1.869	19.130	1.682	4.093	19.730	2.244
Aðrar tekjur	38.454	25.462	32.213	38.475	25.012	32.520
	171.685	176.664	159.105	440.378	442.599	424.178
Rekstrartekjur samtals	1.537.209	1.487.892	1.424.232	1.805.902	1.753.827	1.689.305

Álagningarhlutföll

	2024	2023	
Útsvar	14,97%	14,74%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði	0,50%	0,50%	A - flokkur
Fasteignaskattar - opinberar byggingar	1,32%	1,32%	B - flokkur
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land	1,65%	1,65%	C - flokkur

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Laun og launatengd gjöld	839.312	853.387	761.461	908.407	936.398	838.079
Breyting á lífeyrisskuldbindingu ..	(3.782)	13.300	43.504	(3.782)	13.300	43.504
	835.530	866.687	804.964	904.624	949.698	881.583
	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Stöðugildi í árslok	65	64	62	66	66	61
	2024		2023		2024	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra.	52.792		50.123			

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 44,8 milljónum króna 2024 en 42,4 milljónum króna 2023.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Vaxtatekjur af bankareikningum	2.499	2.000	4.429	2.499	2.000	4.429
Tekjur af eignarhlutum	594	3.000	594	594	3.000	594
Aðrar vaxtatekjur	832	2.000	586	832	2.000	586
Vaxtatekjur samstarfsverkefna	1.133	0	744	1.133	0	744
	5.057	7.000	6.353	5.057	7.000	6.353

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur	(96.335)	(131.496)	(134.437)	(117.577)	(159.113)	(163.458)
Önnur vaxtagjöld	(744)	(1.000)	(1.077)	(744)	(1.000)	(1.077)
Vaxtagjöld samstarfsverkefna	(577)	(241)	(616)	(577)	(241)	(616)
	(97.656)	(132.737)	(136.130)	(118.898)	(160.353)	(165.151)
	(92.599)	(125.737)	(129.776)	(113.841)	(153.353)	(158.797)

6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	2024	Áætlun 2024	2023
Skatttekjur	1.299.598	1.254.704	1.211.150
Félagsþjónusta	(138.887)	(135.893)	(118.180)
Fræðslu- og uppeldismál	(628.165)	(613.405)	(559.595)
Menningarmál	(30.517)	(27.371)	(24.317)
Æskulýðs- og íþróttamál	(111.693)	(105.833)	(86.988)
Brunamál og almannavarnir	(39.987)	(38.246)	(38.866)
Hreinlætismál	(874)	(865)	(587)
Skipulags- og byggingarmál	(75.891)	(58.681)	(55.351)
Umferðar- og samgöngumál	(78.204)	(71.457)	(78.759)
Umhverfismál	(15.002)	(14.980)	(15.888)
Atvinnumál	(9.629)	(9.265)	(8.069)
Sameiginlegur kostnaður	(130.295)	(132.590)	(129.969)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(1.126)	(18.191)	(48.391)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.	(28.539)	(41.935)	(40.907)
Aðalsjóður samtals	10.787	(14.008)	5.282

A-hluta stofnanir:

Eignasjóður	31.793	14.207	(2.328)
Þjónustumiðstöð	0	0	0
Hlutur í samstarfsverkefnum (Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga)	968	0	2.911
A hluti samtals	43.548	199	5.865

B-hluta stofnanir:

Hafnarsjóður	58.806	48.069	61.136
Fráveita	20.973	21.547	19.143
Leiguíbúðir	(550)	(647)	(616)
Íbúðir aldraðra	(16.612)	(18.424)	(21.118)
Sorphirða og eyðing	(14.654)	0	(9.877)
Sögumiðstöðin	(7.947)	(8.556)	(3.495)
	40.016	41.988	45.171
A og B hluti samtals	83.564	42.187	51.036

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Sveitarsjóður

Kostnaðarverð

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitur- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Staða í ársbyrjun	2.124.397	465.475	212.635	2.802.506
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	131		7	139
Sérstakt endurmat	170.960			170.960
Eignfært á árinu	130.755	12.497	46.502	189.754
Selt og aflagt á árinu			(6.825)	(6.825)
Staða í árslok	2.426.242	477.971	252.319	3.156.533

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	650.667	139.546	133.034	923.246
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	7		3	9
Afskrift ársins	31.327	13.720	15.442	60.489
Selt og aflagt á árinu			(1.888)	(1.888)
Staða í árslok	682.000	153.266	146.590	981.856

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	1.473.730	325.928	79.601	1.879.259
Bókfært verð í árslok	1.744.242	324.705	105.729	2.174.677

Afskriftarhlutföll	0-5%	4%	20-35%	
--------------------------	------	----	--------	--

A og B hluti

Kostnaðarverð

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitu og gatnakerfi	Hafnar- mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
Staða í ársbyrjun	2.401.515	585.025	581.586	271.002	3.839.129
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	131			7	139
Sérstakt endurmat	170.960				170.960
Eignfært á árinu	148.239	22.577	22.386	54.348	247.550
Selt og aflagt á árinu				(6.825)	(6.825)
Staða í árslok	2.720.846	607.603	603.972	318.532	4.250.953

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	753.233	180.353	129.762	151.174	1.214.523
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	7			3	9
Afskrift ársins	37.517	16.928	12.200	22.083	88.727
Selt og aflagt á árinu				(1.888)	(1.888)
Staða í árslok	790.756	197.281	141.962	171.372	1.301.371

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	1.648.282	404.672	451.824	119.828	2.624.607
Bókfært verð í árslok	1.930.089	410.321	462.010	147.161	2.949.581

Afskriftarhlutföll	0-5%	3-4%	10-30%	20-35%	
--------------------------	------	------	--------	--------	--

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

